

Ár 2007, fimmtudaginn 5. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-153/2007:

Ákærvaldið

(Karl Gauti Hjaltason sýslumaður)

gegn

Hauki Inga Ólafssyni

(Helgi Bragason hdl.)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var 9. maí sl. og dómtekið 13. júní sl. er höfðað með ákæru Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum, dagsettri 27. mars 2007 á hendur Hauki Inga Ólafssyni, kt. 000000-0000, Greniteig 18, Keflavík,

„fyrir líkamsárás

með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 1. ágúst 2005, við salernisaðstöðu í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum á Þjóðhátíð, hlaupið að og sparkað með hægri fæti af miklu afli í höfuð Ólafs Árna Torfasonar, kt. 000000-0000, þar sem hann lá í jörðinni með þeim afleiðingum að hann missti meðvitund í dágóða stund og krampaði jafnframt sem hann hlaut heilahristing og mar í hársvörð.

Telst ofangreint brot varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Ákærði mætti ekki við þingfestingu málsins þann 9. maí sl. en boðaði forföll. Málinu var frestað til 13. júní sl. og sótti ákærði þá þing og játaði sök, en tók fram að hann hefði ekki sparkað af miklu afli.

Farið var með málið samkvæmt ákvæðum 125. gr. laga nr. 19/1991 og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu er sækjanda og verjanda hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

Játning ákærða er í samræmi við önnur gögn málsins og verður hann sakfelldur fyrir brot sitt en það er í ákæru rétt fært til refsíákvæðis. Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann árin 2003 og 2006 undir greiðslu sektar, í fyrra skiptið fyrir umferðarlagabrot og var ákærði þá einnig sviptur ökurétti, í seinna skiptið fyrir fíkniefnalagabrot. Þessi brot ákærða hafa þó ekki áhrif á ákvörðun refsingar í máli þessu.

Við ákvörðun refsingar verður tekið tillit til þess að ákærði réðst á liggjandi mann og sparkaði í höfuð hans. Með hliðsjón af framburði vitnanna Páls Þorbjörnssonar, Arnars Tryggvasonar og Þórólfs Júlíans Dagssonar verður að telja sannað að ákærði hafi sparkað af afli. Verður refsing ákærða ákveðin með hliðsjón af 1. og 3. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot það sem ákærði er sakfelldur fyrir var framið 1. ágúst 2005 en ákæra var ekki gefin út fyrr en 27. mars 2007. Í rannsóknargögnum kemur fram að tekin hafi verið skýrsla af brotþola 8. nóvember 2005 og að skýrslutöku af öllum vitnum hafi verið lokið um miðjan mars 2006. Það var þó ekki fyrr en í aprílbyrjun 2006 að haft var samband við brotþola og fengnar hjá honum upplýsingar um til hvaða augnlæknis hann gengi vegna afleiðinga sem hann bar við skýrslutökuna 8. nóvember 2005 að hafa orðið fyrir í kjölfar árásarinnar. Er þessi fimm mánaða töf óútskýrð. Þá liggur fyrir að það liðu um fimm mánuðir í viðbót þangað til samband var haft við lækinn og hann beðinn um vottorð um ástand ákærða. Er þessi dráttur sömuleiðis óútskýrður. Vottorð læknisins var mótttekið 28. september 2006 og verður ekki annað séð en að þá hafi næg gögn legið fyrir til að taka ákvörðun um saksókn. Ákæra var þó ekki gefin út í málinu fyrr en 27. mars 2007 eins og áður greinir, eða um sex mánuðum eftir að rannsókn lögreglu lauk. Er ljóst að rannsókn málsins og meðferð hjá ákærvaldi hefur dregist verulega og er það aðfinnsluvert.

Með hliðsjón af framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt yfirliti yfir sakarkostnað hefur verið lagt út fyrir læknisvottorði frá Karli Björnssyni, lækni, 7.500 krónur og frá Theódór Friðrikssyni, sérfræðingi, 23.200 krónur. Í samræmi við niðurstöðu málsins verður ákærði dæmdur til að greiða samtals 30.700 krónur vegna þessara vottorða. Þá hefur einnig verið lagt út fyrir kostnaði vegna töku á blóð- og þvagsýni, 37.500 krónur. Ekki er að sjá að sýni þessi hafi verið rannsökuð og verður því ekki séð hvernig taka þeirra tengist því broti sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir. Verður ákærða því ekki gert að greiða þennan kostnað. Ákærði verður dæmdur til greiðslu þóknunar skipaðs verjanda síns, Helga Bragasonar hdl., 79.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri, kveður upp dóm þennan.
Dómsuppsaga hefur dregist lítillega vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Haukur Ingi Ólafsson, sæti fangelsi í 45 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði sakarkostnað, 79.000 krónur, sem er þóknun skipaðs verjanda hans, Helga Bragasonar hdl. og 30.700 krónur vegna læknisvottorða.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.